

Ár 2008, laugardaginn 29.mars er dómþing í dómstól ÍSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið:

Mál nr.3/2008

Skautafélag Akureyrar, íshokkídeild

gegn

Skautafélagi Reykjavíkur, íshokkídeild

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR.

I.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 27.mars sl. Kærandi er Skautafélag Akureyrar, íshokkídeild. Kærði er Skautafélag Reykjavíkur, íshokkídeild.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ þann 28. mars s.l.

Dómkröfur kæranda.

- a) Að mörk Skautafélags Reykjavíkur í leik Skautafélag Akureyrar og Skautafélag Reykjavíkur sem fram fór á Akureyri þann 26. mars 2008 þurrkist út og liðið tapi leiknum skv. reglugerð nr. 3.1
- b) Að viðkomandi leikmaður, Emil Allengard, verði dæmdur frá keppni og liðið í fjársekt skv. reglugerð nr. 3.2 og 3.5.

Dómkröfur kærða.

- a) Að úrslit leiksins standi óhöggðuð
- b) Að viðkomandi leikmanni, Emil Allengard, verði veitt leikheimild frá ÍHÍ.

II.

Kærandi kveður málavexti vera eftirfarandi:

“Leikmaður Skautafélags Reykjavíkur nr. 20 í fyrrgreindum, Emil Allengard, hefur ekki öðlast leikheimild til þátttöku í Íslandsmótinu í íshokki. Hvorki var farið eftir félagaskiptareglum Íshokkísambands Íslands (ÍHÍ) skv reglugerð nr. 10 um félagaskipti né félagaskiptareglum Alþjóða íshokkísambandsins (IIHF). Umræddur leikmaður spilað í Gislaveds SK í Sænsku 1. deildinni tímabilið 2007 – 2008.”

Röksemdir kæranda fyrir kröfum sínar eru þessar:

“Leikmenn sem spila erlendis þurfa að fara á milli landa á þar til gerðum alþjóðlegum félagaskipta leyfum (ITC) útgefnum af Alþjóðaíshokkísambandinu (IIHF). Emil Allengard spilar í sænsku 1. deildinni og lék allt yfirstandandi tímabil með liði sínu. Viðkomandi leikmaður hefur alla tíð leikið í Svíþjóð og hefur aldrei spilað með íslensku

félagslíði. Hann hefur ekki óskað eftir félagaskiptum fyrr en formaður Skautafélags Reykjavíkur gerði það fyrir hans hönd til ÍHÍ þann 17. mars s.l. ÍHÍ hafnaði félagaskiptabeiðninni á þeim forsendum að umsóknnum um félagaskipti innan tímabils skal synjað í öllum tilvikum sbr. reglugerð ÍHÍ nr. 10 um félagaskipti.

Formaður Skautafélags Reykjavíkur, kvaðst þá hafa ruglast í rýminu og hér væri ekki um félagaskipti að ræða heldur væri hann að koma til baka til síns gamla félags sbr. reglugerð nr. 10.7.3. Í fyrsta lagi hefur viðkomandi leikmaður aldrei spilað áður fyrir hönd Skautafélags Reykjavíkur og getur því ekki verið að koma “til baka til síns gamla félags” en þar fyrir utan þarf að fara eftir alþjóðlegum félagaskiptareglum sbr. þessa sömu reglugerð. Það þýðir að leikmaður þarf að fara á milli landa á alþjóðlegu félagaskipta korti (ITC-korti). Þar sem Allengard er skráður leikmaður í Svíþjóð þarf hann að fara þaðan til Íslands á slíku korti. Framkvæmdastjóri ÍHÍ, Hallmundur Hallgrímsson hafði samband við fulltrúa sænska íshokkisambandsins og fékk þau svör að félagaskipti væri væru hvorki veitt til eða frá Svíþjóð eftir 31. janúar ár hvert og á þeim forsendum er ekki hægt að gefa út leikheimild þar sem undirritun beggja landa sem að málinu koma þarf á félagaskiptakortið.

Nánast eins mál hefur áður komið upp í íshokkíhreyfingunni sem einnig fór fyrir dómstól ÍSÍ, mál nr. 2/2004, sem notast má við sem fordæmi í máli þessu. Sænsk-íslenskir bræður spiluðu þá með Birninum án þess að fara eftir alþjóðlegum reglum um félagaskipti.”

Lagarök

- Brot: Reglugerð ÍHÍ nr. 10 um félagaskipti. (10.2, 10.3, 10.4 og 10.5 og jafnvel 10.7.3)
IIHF statutes and bylaws gr. 205. – 210.
- Viðurlög: Reglugerð ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna. (3.1, 3.2 og 3.5)

III.

Dómari ákvað með stoð í grein 28.1. í lögum Olympíu- og Íþróttasambands Íslands að málið fengi flýtimeðferð og fékk hið kærða félag sólarhringsfrest til að tjá sig hvort haldið yrði uppi vörnum í málinu. Ákvað hið kærða félag að gera slíkt og skilaði greinargerð fyrir í dag.

Þar kom eftirfarandi fram af hálfu hins kærða félags:

“Málsástæður og atvik máls

Leikmaður Skautafélags Reykjavíkur nr. 20 í umræddum leik, Emil Allengard, hafði samband við íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur og óskaði eftir því að fá að leika með félaginu en hann hafði áður skráð sig sem félagsmann í félagið. Emil hafði fyrr í vetur leikið með sænska félaginu Gislaveds SK í sænsku 1. deildinni, en hafði flutt til Íslands þar sem hann er nú búsettur og hefur atvinnu.

Skautafélag Reykjavíkur sótti um leikheimild fyrir Emil þann 17. mars síðastliðinn til að taka þátt í komandi leikjum, og taldi samkvæmt Reglugerð nr 10 um félagaskipti gr 10.7.3 að slík heimild ætti að fást þar sem Emil er íslenskur ríkisborgari, búsettur á Íslandi og hefur komið heim eftir að hafa leikið erlendis. Fordæmi er fyrir því að leikmaður, sem er íslenskur ríkisborgari, búsettur á Íslandi hafi fengið leikheimild án þess að til komi að farið sé eftir alþjóðlegum félagsskiptaleyfum (ITC) útgefnum af Alþjóðaíshokkisambandinu (IIHF), þegar Sergei Zak, leikmaður í meistaraflokki hjá Skautafélaginu Birninum fékk leikheimild til að leika með því félagi.

Samkvæmt starfsreglum ÍHÍ skal veita leikheimild innan 3ja virkra daga eftir að umsókn er móttækin. Stjórn íshökkídeildar Skautafélags Reykjavíkur hafði ekki fengið nein formleg viðbrögð við ósk sinni um leikheimild innan þess frest, sem vegna páskaleyfa myndi teljast sem 25. mars. Stjórnin tók því þá ákvörðun, um hádegisbil þann 26. mars, að Emil skyldi leika fyrir félagið þar sem ekki hefði komið formleg athugasemd og engar forsendur fyrir neitun.

Síðdegis þann 26. mars, n.t.t kl 17:07, barst einum stjórnarmanna íshökkídeildar SR tilkynning frá ÍHÍ þess efnis að á grundvelli samtals við Lars G. Carlsson hjá Sænska Íshökkísambandinu teldi ÍHÍ að ekki væri hægt að veita Emil leikheimild þar sem það samræmdist ekki lögum Alþjóða Íshökkísambandsins. Þar sem þessi tilkynning kom of seint til að hægt væri að boða til stjórnarfundar hjá íshökkídeild SR fyrir leikinn og taka ákvörðun varðandi framhald var fyrri ákvörðun látin standa.

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur fer fram á að úrslit umrædds leikjar skuli standa óhöggud og að umræddur leikmaður, Emil Allengard, fái leikheimild frá ÍHÍ á grundvelli gr 10.7.3 Reglugerðar nr 10 um félagaskipti.

Ekki kemur fram í niðurstöðu ÍHÍ um að leikheimild fyrir Emil fái ekki, á hvaða grundvelli Sænska Íshökkísambandið telur að ekki sé hægt að veita honum leikheimild, heldur er einungis vísað í munnlegt svar. Ef svar ÍHÍ hefði borist fyrr, með vísun í Sænska Íshökkísambandið og þá reglu sem þeir byggja á, þá hefði íshökkídeild SR sótt um undanþágu til Alþjóða Íshökkísambandsins (IIHF) á grundvelli gr 205 og 208 í alþjóðareglum fyrir leikmanninn á þeim forsendum að íslenska reglugerðin samræmdist ekki þeirri sænsku. Sú sænska er íþyngjandi þeirri íslensku að þessu leyti og þar sem íshökkí er ung og vaxandi íþrótt á Íslandi er grein 10.7.3. gríðarlega mikilvæg til að hægt sé að byggja íþróttina upp. Reglugerðin er sett í þeim anda að gera íslenskum leikmönnum kleift að snúa heim eftir að hafa spilað erlendis, íþróttinni á Íslandi til uppdráttar. Engin vafi leikur á því að Emil er íslenskur ríkisborgari og er leikmaður í íslenska landsliðinu í íshökkí. Að auki hefur stjórn íshökkídeildar SR aflað þeirra upplýsinga frá Svíþjóð að í gildi sé undantekningarákvæði þar í landi sem heimilar að veita félagaskiptaleyfi (ITC) utan hefðbundins tíma vegna leikmanna sem hafa lokið sínu leiktímabili, sem Emil hefur sannanlega gert og hefð er fyrir því að þessu ákvæði sé beitt. Vegna þess stutta tíma sem veittur var til að gefa andsvar við kærinni hefur ekki náðst að fá staðfest númer hvað sú reglugerð er í Svíþjóð.

Í kæru SA gegn SR er vísað í mál sem fór fyrir dómstól ÍSÍ, mál nr 2/2004 sem fordæmisgefandi. Því fer fjarri að hægt sé að nota það mál sem fordæmisgefandi því í því máli var aldrei óskað eftir leikheimild fyrir viðkomandi leikmenn. Hins vegar má vísa í mál er fór fyrir Héraðsdómstól Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) í kærumáli nr 3/1999 sem fordæmisgefandi fyrir þær aðstæður sem uppi eru nú.

Samantekt

Að ofangreindu er ljóst að stjórn íshökkídeildar SR telur Emil Allengard uppfylla öll skilyrði til að fá leikheimild á grundvelli gr 10.7.3. og krefst þess að svo verði, og vísar því til rökstuðnings í kærumál 3/1999. Ef hins vegar sú staða hefði komið upp að vafi léki þar á um og formlegt svar hefði legið fyrir þess efnis frá ÍHÍ, þá hefði félagið óskað eftir félagsskiptaleyfi (ITC) á grundvelli undanþáguheimildar í lögum Sænska Íshökkísambandsins eða nýtt sér heimild í reglum Alþjóða Íshökkísambandsins nr 205 og 208 og sótt um undanþágu fyrir leikmanninn.

Lagarök

Reglugerð nr 10 um félagaskipti, gr 10.7.3

Reglur Alþjóða íshökkísambandsins (IIHF) nr 205 og 208.”

IV.**Niðurstaða.**

Mál þetta snýst um það hvort leikmaðurinn Emil Allengard, íslenskur ríkisborgari, sem lék með Skautafélagi Reykjavíkur í leik liðsins við Skautafélag Akureyrar þann 26. mars s.l. hafi þá verið hlutgengur og þar með löglegur til þátttöku í keppni hé á landi með Skautafélagi Reykjavíkur.

Fram kemur í reglugerð nr.10 um félagaskipti grein 10.2. að meginregla félagsskipta sé að þau fari fram utan keppnistímabils þ.e. á tímabilinu 1. júní til 30. september ár hvert. Ennfremur segir í grein 10.5. að félagaskipti milli landa fari eftir reglum alþjóða íshökkísambandsins (IIHF) hvort sem um er að ræða íslenskan eða erlendan leikmann og loks kemur fram í grein 10.7.3. að innlendir leikmenn sem leikið hafa erlendis geta komið til baka svo fremi þeir uppfylli alþjóðar reglur um félagaskipti. Upplýst hefur verið að framangreind skilyrði voru ekki uppfyllt að mati ÍHÍ og sú vitneskja lá fyrir hjá forráðamönnum Skautafélgas Reykjavíkur fyrir umræddan leik þann 26. mars s.l..

Dómurinn telur með tilliti til þess sem að framan er rakið, einkum orðalags áðurnefndra ákvæða um félagaskipti, orðalags í alþjóðareglum um sama málefni og að keppnisleyfi fyrir hlutaðeigandi leikmann hafði ekki verið gefið út af ÍHÍ að fallast beri á fyrri dómkröfu kæranda í málinu. Þurrkast þar með út mörk Skautafélags Reykjavíkur í framangreindum leik og leikurinn dæmdur tapaður fyrir Skautafélag Reykjavík með markatölunni 10-0.

Af því leiðir að viðkomandi leikmaður, Emil Allengard, er ekki hlutgengur til keppni hér á landi fyrr en formlegt keppnisleyfi liggur fyrir af hálfu ÍHÍ.

Með sömu heimild og stjórn ÍHÍ hefur í grein 3.5. í reglugerð um viðurlög við notkun erlendra leikmanna ber að dæma Skautafélag Reykjavíkur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 75.000.-

DÓMSORÐ

Mörk Skautafélags Reykjavíkur í leik Skautafélags Akureyrar og Skautafélags Reykjavíkur sem fram fór á Akureyri þann 26. mars 2008 þurrkast út og leikurinn dæmdur Skautafélagi Reykjavíkur tapaður 10-0.

Emil Allengard, er ekki hlutgengur til keppni hér á landi fyrr en formlegt keppnisleyfi liggur fyrir af hálfu ÍHÍ.

Skautafélag Reykjavíkur greiði kr 75.000.- í sekt

Gunnar Guðmundsson(sign)

Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.